

Sjóðfélagafundur Almenna lífeyrissjóðsins 29. janúar 2009.

Drög að inngangserindi Páls Ásgeirs Pálssonar, formanns stjórnar.

Ágætu sjóðfélagar.

Velkomin á þennan sjóðfélagafund Almenna lífeyrissjóðsins þetta er þriðji sjóðfélagafundurinn sem Almenni lífeyrissjóðurinn efnir til eftir að efnahagsáfallið skall á með falli viðskipta-bankanna í október 2008. Á fundinum verðar gefnar upplýsingar um stöðu sjóðsins og lagðar fram tillögur um breytingar á samþykktum.

Á Íslandi hefur orðið algert kerfishrun. Fjármálakerfi landsins hrundi á haustdögum 2008 og á þessu ári hafa fjölmörg fyrirtæki orðið gjaldþrota eða lent í greiðsluerfiðleikum og þurft að fara í fjárhagslega endurskipulagningu. Þetta á því miður við um flest fyrirtæki sem hafa gefið út skráð verðbréf á liðnum árum, hlutabréf eða skuldabréf.

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur líkt og flestir aðrir fjárfestar orðið fyrir eignarýrnun vegna efnahagshrunsins. Gengi allra ávöxtunarleiða var lækkað fyrir ári síðan eftir fall bankanna og töldum við þá að sjóðurinn þyrfti ekki að afskrifa meira. Því miður hafa orðið enn frekari áföll á þessu ári og sjóðurinn þurft að afskrifa meira. Þessar afskriftir hafa haft mest áhrif í þeim ávöxtunarleiðum sem fjárfestu mest í innlendum skuldabréfum, þ.e. í Ævisöfnum III og IV og lífeyrisdeild.

Stjórn Almenna hefur brugðist við efnahagshruninu með markvissum aðgerðum.

1. Öll iðgjöld í séreignarsjóð hefur verið ráðstafað inn á Innlánasafn.

Strax í október 2008 kynntum við nýja ávöxtunarleið sem heitir Innlánssafn og ávaxtar eignir sínar á bankareikningum í fimm innlánsstofnunum. Samhliða því tilkynntum við að öllum nýjum iðgjöldum í séreignarsjóð yrði tímabundið ráðstafað inn á safnið eða á meðan óvissa ríkir á fjármálamarkaði. Þessi ráðstöfun er enn þá í gildi.

Stjórn sjóðsins hefur ekki tekið ákvörðun um að afturkalla þessa ákvörðun en margt bendir þó til þess að það geti verið skynsamlegt á næstu mánuðum. Við munum tilkynna þá ákvörðun bréflega og stefnum að því að þá verði sjóðurinn búinn að opna sérstakan sjóðfélagavef þar sem sjóðfélagar geta valið og breytt um ávöxtunarleið.

Innlánasafnið hefur svo sannarlega vaxið frá því það var stofnað fyrir ári. Um mánaðarmótin voru heildareignir safnsins 8,4 milljarðar sem eru um 9,5% af heildareignum Almenna lífeyrissjóðsins. Safnið hefur hækkað um tæp 17% frá stofnun og um 12,3% á þessu ári.

2. Almenni lífeyrissjóðurinn hóf sjálfstæður rekstur í maí.

Stjórn lífeyrissjóðsins tók þá ákvörðun við fall Glitnis hefja sjálfstæðan rekstur til að styrkja Almenna lífeyrissjóðinn sem sjálfstæðan lífeyrissjóð. Mat stjórnarinnar var að með þessu móti gæti sjóðurinn vaxið hraðar til hagsbóta fyrir sjóðfélaga. Sjóðurinn flutti 1. maí í Borgartúni 25, 5. hæð, en þar er mjög góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum.

Eitt af markmiðum með sjálfstæðum rekstri er að stórefla innra eftirlit og áhættustýringu sjóðsins. Meginmarkmiðið með innra eftirliti er að stuðla að því að lífeyrissjóðurinn nái

settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að fylgjast með að lögum, reglum settum á grundvelli þeirra, samþykktum sjóðsins og öðrum innri reglum sé framfylgt. Strax eftir flutning hófst vinna við skipulagningu innra eftirlits. Þessi vinna stendur enn þá yfir en helstu verkefni eru:

- Allar starfsreglur og verkferlar eru í endurskoðun eða hafa verið yfirfarnir.
- Áhættugreining. Stjórnendur lífeyrissjóðsins eru að fara yfir alla þætti í starfsemi sjóðsins til að greina áhættur, líkur á tjóni og afleiðingar þeirra. Á grundvelli áhættugreiningarinnar eru skilgreindar eftirlitsaðgerðir til að draga út áhættu.

Þann 1. janúar 2009 tóku gildi ákvæði í lögum um ársreikninga þar sem kveðið er á við einingar tengdum almannahagsmunum, þ.a.m. lífeyrissjóðum, skuli starfa endurskoðunarnefnd. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Stjórn lífeyrissjóðsins hefur skipað Gísla Hlíðberg Guðmundsson, Ólaf Jónsson og Eirík Þorbjörnsson í nefndina. Skipan endurskoðunarnefndarinnar og starfsemi hennar styður vel við áherslur stjórnarinnar um að efla innra eftirlit og áhættustýringu.

3. Rabbfundir fyrir sjóðfélaga.

Í júní hóf Almenni lífeyrissjóðurinn að auglýsa svokallaða rabbfundi fyrir sjóðfélaga í húsnæði sjóðsins. Á rabbfundunum geta sjóðfélagar hitt stjórn og starfsmenn og spurt spurninga eða rætt um málefni sjóðsins. Með fundunum viljum við auka gegnsæi, efla umræður og bjóða sjóðfélögum að koma á framfæri ábendingum eða hugmyndum.

Ætlunin er að halda rabbfundi mánaðarlega en þeir eru auglýstir á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is. Fundarherbergið okkar tekur um 30 manns og verða sjóðfélagar að skrá þátttöku. Ef þátttaka verður meiri munum við halda annan fund við fyrsta tækifæri.

Því miður hefur ekki verið mikil þátttaka á þessum fundum en við munum halda áfram að bjóða þá ef sjóðfélagar vilja koma og fá upplýsingar. Við erum líka tilbúin að taka á móti sjóðfélögum sem vilja koma í heimsókn og ræða málin á öðrum tíma.

4. Tillaga um að Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis sameinist Almenna.

Hér á eftir verður lagt til Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis banka hf. sameinist Almenna lífeyrissjóðnum þann 31. desember 2009. Verði sameiningin samþykkt munu réttindi sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka hf. flytjast í Almenna lífeyrissjóðinn og fá sjóðfélagarnir sambærileg réttindi og þeir höfðu áður í eftirlaunasjóðnum. Hagur Almenna lífeyrissjóðsins af sameiningunni er að sjóðurinn stækkar og rekstrarkostnaður lækkar sem hlutfall af eignum. Við sameininguna aukast eignir um nálægt 7% en ekki er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður aukist

Eftirlaunasjóðurinn er fyrir starfsmenn Glitnis og forvera hans sem hófu störf fyrir 1. janúar 2004. Sjóðurinn á eignir fyrir skuldbindingum sínum og er mat tryggingafræðinga að sameiningin hafi engin áhrif á réttindi okkar sjóðfélaga. Hagur okkar felst í því að sjóðurinn stækkar og fleiri bera kostnað við rekstur hans.

Stjórn sjóðsins mælir eindregið með því að sjóðfélagar samþykki tillögu um sameiningu sjóðanna. Þegar við tókum ákvörðun um sjálfstæðan rekstur var stefnt á að halda óbreyttri þjónustu við sjóðfélaga. Sameiningin er liður í skjóta sterkari stoðum undir rekstur sjóðsins.

Við höfum fengið tryggingafræðing sjóðsins til að yfirfara og gæta að því að Almenni taki ekki á sig neinar viðbótar skuldbindingar við sameininguna og endurskoðanda til að tryggja samræmt eignamat og að yfirfara sannvirði eigna.

Almenni lífeyrissjóðurinn vill stækka með sameiningum ef sjóðir og starfsemi þeirra passar við okkar sjóð. Við erum líka opin fyrir samstarfi eða samrekstri ef það getur leitt til lægri kostnaðar. Við höfum rætt við fleiri sjóði en engar ákvarðanir hafa verið teknar.

5. Aðgerðir til að tryggja jafnræði sjóðfélaga.

Við fall viðskiptabankanna sl. haust gerbreyttist innlendir verðbréfamarkaður. Mikil óvissa hefur verið um verðmæti verðbréfa og mörg verðbréf sem áður var hægt að selja á markaði, eru nú óseljanleg. Vegna þessarar þróunar fékk Almenni lífeyrissjóðurinn í mars heimild frá Fjármálaeftirlitinu til að takmarka útgreiðslur og flutninga milli ávöxtunarleiða. Með takmörkunum er útborgunum og flutningum dreift á tímabilið frá mars 2009 til október 2010.

Takmörkun á útgreiðslum og flutningum er gerð til að tryggja að tryggja jafnræði sjóðfélaga. Frá því viðskiptabankarnir féllu í október hafa mjög margir sjóðfélagar óskað eftir breytingum á ávöxtunarleið. Þar sem fjárfestingar sjóðsins hafa tekið mið af því að sparnaðurinn væri bundinn til margra ára þýða miklar breytingar að selja verður eignir sem hægt er að breyta í laust fé, einkum ríkisskuldabréf. Ef það yrði gert myndu eignahlutföll breytast hjá þeim sem hyggjast halda áfram að geyma sparnað sinn í viðkomandi leið. Þess vegna var gripið til þess ráðs að dreifa útborgunum og flutningum á lengri tíma til að tryggja að allir sjóðfélagar sitji við sama borð og til að koma í veg fyrir að eignir rýrni vegna breyttra forsendna. Við vitum að þessi aðgerð kemur illa við suma en hér ráða hagsmunir heildarinnar.

Takmörkunin er tímabundin er verður endurskoðuð mánaðarlega í samráði við Fjármálaeftirlitið.

6. Tvö ný ríkisskuldabréfasöfn voru stofnuð í mars.

Í mars hóf Almenni lífeyrissjóðurinn að bjóða sjóðfélögum að fjárfesta í tveimur ríkisskuldabréfasöfnum. Mikil eftirspurn er nú eftir öruggum skuldabréfum og vill sjóðurinn bregðast við með því að bjóða sjóðfélögum að fjárfesta í ríkisskuldabréfum með sjóðnum. Skuldabréfin eru öll með ábyrgð íslenska ríkisins þannig að skuldaraáhætta er í lágmarki. Þetta er einstakt tækifæri fyrir sjóðfélaga því með þessu móti gefst þeim kostur að fjárfesta í ríkisskuldabréfum á sömu kjörum og lífeyrissjóðurinn. Sjóðfélagar geta valið á milli tveggja safna með mismunandi eignasamsetningu sem eru löng ríkisskuldabréf og stutt.

7. Breytingar á samtryggingarsjóði.

Á þessum sjóðfélagafundi er lagt til samþykktum sjóðsins verði breytt og deildir samtryggingarsjóðs sameinaðar. Tilgangurinn með þessari breytingu er að samræma lífeyrisréttindin og tryggja að efnahagsáfallið hafi sömu áhrif á alla sjóðfélaga.

Núverandi fyrirkomulag samtryggingarsjóðs var tekið upp í ársbyrjun 2006. Við teljum ekki að fyrirkomulagið hafi brugðist en teljum hins vegar að þær forsendur sem voru lagðar til grundvallar í byrjun hafi brugðist vegna efnahagsáfallsins. Einnig teljum við að efnahags-

áfallið sé svo mikið að það væri ósanngjarnt ef það hefði mun meiri áhrif á suma hópa sjóðfélaga en aðra.

Segja má að breytingar á samtryggingarsjóði sé tvíþætt aðgerð.

1. Til að tryggja að efnahagsáfallið hafi sömu áhrif á alla sjóðfélaga er lagt til að lífeyrisréttindi verði samræmd. Þessi aðgerð skiptir mestu máli fyrir eldri sjóðfélaga sem eiga réttindi í lífeyrisdeild og eftirlaunasjóði í Ævisafni III en þessi söfn hafa farið verst út úr hruninu.
2. Til að tryggja að sjóðfélagar sem eru að greiða í sjóðinn fái sanngjörn réttindi fyrir iðgjöldin sín er lagt til að réttindi verði skert um 10% og aftur þegar tryggingafræðilegt uppgjör í árslok liggur fyrir. Þessi aðgerð skiptir mestu máli fyrir yngri sjóðfélaga.

Það er auðvitað áfall fyrir okkur að leggja því fyrirkomulagi sem var tekið upp þegar Lífeyrissjóður lækna og Almenni lífeyrissjóðurinn. Aðstæður núna eru hins vegar ekkert venjulegar og kalla á erfiðar ákvarðanir. Sjóðurinn þurfti að bregðast við og við teljum þessar tillögur málefnalegar og sanngjarnar.

8. Fjárfestingarstefnan var endurskoðuð og er enn til skoðunar og umræðu.

Í nóvember í fyrra var fjárfestingarstefnu sjóðsins og sett inn ákvæði til að auka vægi ríkisskuldabréfa og auka áhættudreifingu með því að lækka vægi á einstaka útgefendur. Í byrjun þessa árs voru kynntar hugmyndir um breytingar á stefnunni á sjóðfélagafundi. Í mars voru ríkisskuldabréfasöfnin opnuð en öðrum hugmyndum var frestað.

Samkvæmt reglum skal stjórn lífeyrissjóðs skila inn nýrri fjárfestingarstefnu til Fjármálaeftirlitsins í desember. Stjórn sjóðsins vinnur nú að nýrri stefnu og stefnir á að staðfesta hana á fundi í lok næsta mánaðar. Í nóvember mun sjóðurinn auglýsa rabbfundi þar sem sjóðfélögum gefst kostur á að tjá sig um stefnuna og koma með ábendingar. Ég vil nota tækifærið og hvetja áhugasama sjóðfélaga að leggja okkur lið við þessa vinnu.

Góðir sjóðfélagar. Í lokin vil ég nefna sérstaklega eitt mál sem hefur verið töluvert í umræðunni upp á síðkastið.

Undanfarið hafa komið fram hugmyndir um að breyta skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og skattleggja iðgjöld í staðinn fyrir lífeyrisgreiðslur. Með þessu móti fengi ríkið strax tekjur af lífeyrisiðgjöldum í stað þess að fá þær þegar sjóðfélagarnir fá lífeyri í framtíðinni. Fljótt á litið hljómar þetta vel og virðist verða góð leið til að leysa erfiða fjárhagsstöðu ríkisins í kjölfar efnahagshrunsins.

Nýjasta viðbótin við þessa hugmynd er að skattleggja eingöngu séreignarsparnað. Nú er lagt til að breyta skattlagningu séreignarsparnaðarins og skattleggja séreignariðgjöld í stað lífeyris og að ríkið taki til sín strax þann hluta inneigna sjóðfélaga sem ætla má að verði greiddur í tekjuskatt í framtíðinni, u.þ.b. 37% af eignum.

Þessar hugmyndir eru aðför að lífeyriskerfinu og séreignarsparnaðinum.

- Grunnhugmyndin með lífeyriskerfinu (lífeyrissjóðum og viðbótarlífeyrissparnaði) er að hver kynslóð safnar upp sjóði til að standa undir eigin eftirlaunum og framfærslu í starfslok. Þegar vinnu lýkur fær hver sjóðfélagi lífeyri úr lífeyrissjóði og frá vörsluaðila séreignarsparnaðar og greiðir skatta af lífeyrinum eins og öðrum tekjum.
- Kosturinn við sjóðssöfnunarkerfi er að hver kynslóð sér um sig og leggur ekki byrðar á næstu kynslóðir. Gallinn við kerfið er hins vegar sá að það tekur mjög langan tíma, marga áratugi, að byggja upp sjóð sem greiðir eftirlaun og skatta.

Séreignarsparnaður er órjúfanlegur hluti af lífeyriskerfinu. Með greiðslum í grunnlífeyrissjóð safna sjóðfélagar upp réttindum sem nema um 40%-50% af lokalaunum. Með séreignarsparnaðinum geta einstaklingar bætt við viðbótarsjóði og safnað upp sjóði sem bætir 10%-20% við eftirlaunin. Hugmyndir um að breyta skattlagningu séreignariðgjalda og að ríkið taki til sín 37% af núverandi séreignarsparnaði munu draga úr hvata til að nota þessa sparnaðarleið. Verði þessi hugmynd að veruleika geta sjóðfélagar ekki lengur lækkað tekjuskatt sem þeir geta í dag, t.d. ef þeir geta nýtt persónuafslátt við úttekt eða ef skatthlutfall er lægra við úttekt en þegar sparnaðurinn er lagður til hliðar

Með því að breyta skattlagningu lífeyrissjóðsiðgjalda og séreignarsparnaðar er vegið að grunnstöðum kerfisins og gengið að því sem hefur tekið langan tíma að safna og byggja upp. Það er sjálfsagt að skoða ýmsar hugmyndir þegar illa árar en hins vegar eru þessar tillögur ekki leiðin til að leysa erfiða fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Með því er núverandi vanda frestað og hann færður yfir á næstu kynslóðir. Ég hvet sjóðfélaga til að mótmæla þessum hugmyndum.